

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1146  
komudagur 21.3.2000



FÉLAG ÍSLENSKRA LANDSLAGSARKITEKTA  
PÓSTHÓLF 1563  
121 REYKJAVÍK

### Umhverfisnefnd Alþingis

B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur, nefndarritara  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

21. mars 2000

Félag Íslenskra Landslagsarkitekta hefur kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp um mat á umhverfisáhrifum, MÁÚ. Félaginu lýst almennt séð vel á þær breytingar sem frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum, m. a. tveggja þrepa matsferil sbr. 8. gr., endurskoðun á stærðarmörkum og fjölgun þeirra framkvæmda sem eru háðar MÁÚ, sbr. viðauka 1 og 2.

Enn virðist þó vera sá stóri galli á löggjöfinni að ekki sé með nægilega ákveðnum hætti tekið á meðferð stórfamkvæmda með tilliti til vals á milli mismunandi leiða og/eða útfærslna framkvæmda. Sú viðleitni sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins er ekki nægilega afdráttarlaus þar sem segir að “þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaaðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega”.

Löggjöfin einskorðast um of að því að meta eina framkvæmd og allt of lítil áhersla er lögð á samanburð við aðra valkosti. Þegar varið hefur verið miklum fjármunum og fyrirhöfn til þess að renna stoðum undir eina afmarkaða framkvæmd er augljóslega óraunhæft er að gera ráð fyrir því að aðrir kostir komi í raun til greina. Reynslan sýnir að tilskilinn samanburður valkosta eins og settur er fram í niðurlagi 9. gr. frumvarpsins breytir litlu þar um.

Miklu nær væri að lögfesta skyldu framkvæmdaaðila til að vinna svæðisbundnar framkvæmdaáætlanir fyrir stærri landsvæði þar sem lagt yrði heildrænt mat á umhverfisáhrif þeirra valkosta sem koma til greina í viðkomandi landshluta. Eðlilegast er að vinna slíkar áætlanir í þeim farvegi sem markaður er í 15. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem fjallað er um “sérstaka svæðisskipulagsmeðferð”. Dæmi um framkvæmdaáætlanir sem ættu skilyrðislaust að hljóta slíka meðferð eru orkuframkvæmdir á NA-landi og vegafamkvæmdir við Breiðafjörð sem fela í sér þveranir fjarða.

Gildistími “sérstakra svæðisskipulagsáætlana” af þessu tagi gæti verið 12 ár eins og ráð er fyrir gert í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga. Hefjist framkvæmdir ekki á gildistíma skipulagsins er eðlilegt að MÁÚ fari fram að nýju, en sé ekki háð mati Skipulagsstofnunar eins og fram kemur í niðurlagi 11. gr. frumvarpsins.

MÁU er náskyld skipulagsvinnu og hlýtur að vera sjálfsagt að tengja það sem mest skipulagslöggjöfinni að öðru leiti. Það markmið 1. gr. byggingar- og skipulagslaga “að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða” ætti að vera sameiginlegt markmið allrar löggjafar á skipulagssviði.

Virðingarfyllst,



**Gísli Gíslason,**  
form. Félag Íslenskra Landslagsarkitekta